

# HÚSÖNDIN

21.tbl. 1.árg.  
27.júní 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 28.JÚNÍ-4.JÚLÍ 2018



28.6 *Marta Katarzyna Soja*

28.6 *Guðjón Vésteinsson*

30.6 *Berghóra Hrafnhildardóttir*

30.6 *Valerija Kiskurno*

1.7 *Elísabet Sigurðardóttir*

1.7 *Brynja Hjörleifsdóttir*

2.7 *Sigurður Kristjánsson*



Elskulegur faðir okkar, bróðir, afi, föðurbróðir og tengdafaðir

**Finnur Baldursson**

**Lynghrauni 5**

sem lést 25. júní síðastliðinn

verður jarðsunginn frá Reykjahlíðarkirkju,  
mánudaginn 2. júlí kl. 13:00.

Erfidrykkja verður í Skjólbrekku að athöfn lokinni.

Hilmar, Siggi Bald, Elísabet og fjölsk., Baldur og fjölsk.,  
Eldey Gerda, Dreki Lars, Valerija og Garðar



## AUKIN SORPÞJÓNUSTA VIÐ SUMARHÚSEIGENDUR

Í vor var komið fyrir sorpgámum í sumarhúsaahverfinu Birkilandi og hefur það mælst vel fyrir. Nú er komið að næsta áfanga.

### **Sumarhúsaegendur í Mývatnssveit (annars staðar en í Birkilandi) athugið:**

Skútustaðahreppur býður nú upp á aukna sorpþjónustu fyrir ykkur því tveimur sorpgámum verður komið fyrir við afleggjarann í Baldursheim. Gámarnir eru læstir **en þið nálgist lyklna** á skrifstofu Skútustaðahrepps frá og með þriðjudeginum 10. júlí n.k.

### **Athugið:**

- Gámarnir eru tveir, annar fyrir almennt sorp og hinn fyrir pappír og plast.
- Mikilvægt er að þjappa ruslapokunum sem allra mest saman áður en þið setjið þá í gámana þar sem sveitarfélagið greiðir rúmmetragjald fyrir sorp.
- Vinsamlegast gangið vel um gámana og næsta nágrenni.
- Um tilraunaverkefni er að ræða og verður ákvörðun um framhaldið tekin af reynslu næstu mánaða.

Nánari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu Skútustaðahrepps. Athugið að þið hafið jafnframt aðgang að gámavellinum á Grímsstöðum.

### **Opnunartími:**

Miðvikudagar kl. 15:00-16:00

Laugardaga kl. 10:00-12:00

Allir greiðendur sorphirðugjalda, heimili og sumarbústaðir, geta nálgast klippikort fyrir gámasvæðið á Grímsstöðum á opnunartíma á skrifstofu sveitarfélagsins. Með sorphirðugjöldunum fylgir eitt klippikort á ári.

Skútustaðahreppur

## VILTU AUKA VIRÐI ÞINNAR ÞINGEYSKU FRAMLÆIÐSLU?

Ef svo er þarftu að mæta á fund Þingeyska matarbúrsins  
mánudaginn 2. júlí kl. 17:00 á Fosshótel Húsavík.  
Á fundinum verður félagsskapurinn endurræstur, stjórn kosin  
og gerð grein fyrir þeim virðisaukandi verkefnum  
sem eru í undirbúningi.

Þú vilt ekki missa af þessu, láttu því sjá þig!

Stjórn Þingeyska matarbúrsins.

## UPPSETNING, VIÐHALD OG VIÐGERÐIR

Tek að mér uppsetningu, viðhald og viðgerðir á  
rafeinda, tölvu, net og annarsskonar rafbúnaði.  
Þjallaðu á mig ef þú ert í vanda. 20 ára reynsla  
Sími 8520480 Ásgeir. [asgith@gmail.com](mailto:asgith@gmail.com)



# Fjárlagakvöld í Skjólbrekku

Sunnudaginn 1. júlí kl 20:00

Skemmtilegu fjárlögin verða sungin undir stjórn Margrétar Bóasdóttur og Sólveigar Önnu Jónsdóttur til minningar um Jón Stefánsson, organista. Árlegur viðburður þar sem við komum saman, syngjum og höfum gaman! :-)

*Kór Reykjahliðarkirkju bíður upp á veitingar í hléi í tilefni af 110 ára afmæli kórsins.*

Aðgangur: 1.000kr

Bláu og gulu bækurnar verða líka til sölu á staðnum fyrir 2.000kr stykkið.

Einungis verður hægt að greiða með reiðufé.



## SUMARLOKUN HREPPSSKRIFSTOFU 2018

Hreppsskrifstofa Skútustaðahrepps verður lokuð vegna sumarleyfa frá 2.-9. júlí n.k. Opnað verður að nýju þriðjudaginn 10. júlí n.k.

Opnunartími hreppsskrifstofu er annars sem hér segir:  
Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9:00-12:00 og 13:00-15:00.  
Föstudaga frá kl. 9:00-12:00.

Skútustaðahreppur

